



Kópavogi, 14. september 2022
2209461/999.00 RH

Efni: Svar við fyrirspurn um kynjaskiptingu í íþróttum

Menntaráð barst fyrirspurn um kynjaskiptingu í íþróttum frá Sigurbjörgu Erlu Egilsdóttur, fulltrúa Pírata. Spurt var um eftirfarandi

- *Er íþróttakennsla kynjaskipt í skólanum? Í hvaða bekkjum? Hver er tilgangurinn með kynjaskiptingunni?*
- *Er munur á kennslunni eftir kynjum?*
- *Hvernig er gert ráð fyrir að kynsegin börn taki þátt í íþróttakennslunni?*

Ekki er kynjaskipt í íþróttatímum í grunnskólum Kópavogs nema í undantekningar tilfellum til að koma til móts við óskir eða þarfir nemenda. Sem dæmi má nefna í Snælandsskóla í 9. bekk í vetur er boðið upp á stúlknatíma í þeim árgangi, aukalega, vegna eindreginna óska foreldra. Stúlkurnar eiga val um að sækja þann tíma eða blandaða tíma með drengjunum.

Íþróttakennarar segja ekki mun á kennslu eftir kynjum í íþróttum.

Skólarnir vinna á einstaklingsmiðaðan hátt með kynsegin börnum um þátttöku þeirra í íþróttum.

Óskir hafa komið fram hjá nemendum um kynjaskiptingu í sundi. Hjá Ungmennaráði og eftir Barnaþing 2022 hafa komið fram tillögur um að sundkennsla verði kynjaskipt. Ungmennaráð kynnti í maí 2020 fyrir bæjarstjórn eftirfarandi tillögu:

Sundkennsla eftir 8.bekk verði endurskoðuð og kynjaskipt til að mynda frá 5.bekk.

Á barnaþingi 2022 kom fram eftirfarandi tillaga:

Kynjaskipt í sund og kynsegin einstaklingar velja með hvaða hóp þeir fara.

Skólar hafa verið að bregðast á mismunandi hátt við þeim kröfum nemenda að kynjaskipta í sundi. Kynjaskipt hefur verið í einstaka skólum, í ákveðnum árgöngum vegna óska frá nemendum eða foreldrum. Áfram verða skólarnir hvattir til að hlusta á raddir nemenda og greina betur á hverju krafa um kynjaskiptingu byggir. Grunnskóla- og frístundadeild munu fylgja málinu eftir.

Virðingarfyllst,

Ragnheiður Hermannsdóttir
Deildastjóri grunnskóladeildar